# **Fréttaannáll 2019** (jan.–feb.)

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

**1. janúar**

Gildistaka laga sem kveða m.a. á um ætlað samþykki fyrir líffæragjöf. Nánar >

**8. janúar**

Áform um setningu laga um neyslurými birt til umsagnar. Nánar >

**16. janúar**

Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu kynnt í ríkisstjórn. Nánar >

**21. janúar**

Fjallað um einstakan árangur meðferðar við lifrarbólgu C á læknadögum. Ráðherra veitir Landspítala 23 milljónir vegna verkefnisins. Nánar >

**29. janúar**

Ráðherra kynnir ákvörðun um framkvæmd íslenskrar krabbameinsáætlunar með gildistíma til ársins 2030. Nánar >

**29. janúar**

Reglugerð um nýtingu erfðaupplýsinga í forvarnarskyni birt til umsagnar. Nánar >



**30. janúar**

Tæpum hálfum milljarði króna úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Nánar >



**31. janúar**

Formleg afhending sjúkrahótelsins við Hringbraut. Nánar >

**31. janúar**

Reglugerð um rafrettur; merkingar umbúða, upplýsingaefni o.fl. birt í samráðsgátt. Nánar >

**4. febrúar**

Hjúkrunarheimilið Seltjörn á Seltjarnarnesi fyrir 40 íbúa afhent til rekstrar. Nánar >



**8. febrúar**

Undirritun yfirlýsingar um átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Nánar >



**11. febrúar**

Vinna hafin við mótun stefnu í málefnum fólks með heilabilun með áherslu á samráð við fagfólk, sjúklinga og aðstandendur. Nánar >



**11. febrúar**

Gildistaka nýrra reglna um merkingu lyfjaumbúða til að auka öryggi lyfjanotenda. Nánar >

**15. febrúar**

Efnt til hönnunarsamkeppni um nýtt hjúkrunarheimili í Hornafirði. Nánar >

**21. febrúar**

Ráðherra kynnir ráðstöfun 630 milljóna króna til að efla geðheilbrigðisþjónustu um allt land. Nánar >



**22. febrúar**

Samningur undirritaður um byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík. Nánar >



**22. febrúar**

Drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga birt til umsagnar. Nánar >

**22. febrúar**

Drög að frumvarpi um neyslurými birt til umsagnar. Nánar >

# **Fréttaannáll 2019** (feb.–apr.)

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

**25. febrúar**

Markús Ingólfur Eiríksson skipaður forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Nánar >

**1. mars**

Ráðherra kynnir forgangsverkefni á grunni heilbrigðisstefnu. Nánar >



**1. mars**

Gildistaka nýrra laga um rafrettur. Nánar >

**5. mars**

Tillögur að breyttu skipulagi skimana fyrir krabbameinum til framtíðar kynntar ráðherra. Nánar >



**8. mars**

Sameiginleg yfirlýsing ráðuneytis og RKÍ í tengslum við frestun opnunar útboðs vegna kaupa á sjúkrabílum. Nánar >



**14. mars**

Ráðherra sækir fund vestnorrænna heilbrigðisráðherra í Færeyjum. Nánar >

**19. mars**

Um 90 milljónum króna úthlutað í styrki til lýðheilsuverkefna. Nánar >

**20. mars**

Frumvarp um neyslurými lagt fram á Alþingi. Nánar >



**21. mars**

Ráðherra veitir styrki til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustu. Nánar >

**27. mars**

Norræn ráðstefna um geðheilbrigði barna haldin í Reykjavík. Nánar >

**27. mars**

Ráðherra úthlutar 77 milljónum til frjálsra félagasamtaka sem vinna að verkefnum á sviði heilbrigðismála. Nánar >



**27. mars**

Fjármálaáætlun til 2024 kynnt ásamt megináherslum í heilbrigðismálum. Raunaukning til heilbrigðismála á tímabilinu nemur 11%. Nánar >

**28. mars**

Norrænt samstarf til bjargar slösuðum í kjölfar stórbruna kynnt í Reykjavík. Nánar >

**28. mars**

Ásta Valdimarsdóttir skipuð ráðuneytisstjóri. Nánar >

**29. mars**

Óskar Reykdalsson skipaður forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Nánar >



**2. apríl**

Tilraunaverkefni um bætt aðgengi að þjónustu sérgreinalækna á landsbyggðinni. Nánar >

**2. apríl**

Efling heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum vegna aukins atvinnuleysis í kjölfar gjaldþrots WOW. Nánar >



**5. apríl**

Forgangsröðun til að stytta bið sjúklinga eftir tilteknum aðgerðum og ráðstöfun 840 milljóna króna í því skyni kynnt. Nánar >

# **Fréttaannáll 2019** (apr.–jún.)

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

**5. apríl**

Heilbrigðisþjónusta við fanga aukin og aðgengi bætt með nýjum samningi. Nánar >



**9. apríl**

Ráðherra staðfestir samning SÍ og SÁÁ um göngudeildarþjónustu í Reykjavík og á Akureyri. Nánar >

**9. apríl**

Tækjakostur heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni efldur með 420 milljóna króna framlagi af fjárlögum. Nánar >

**11. apríl**

Birting útboðsgagna vegna fyrsta sameiginlega norræna lyfjaútboðsins. Nánar >

**12. apríl**

Kynnt samstarf ráðuneyta um stofnun og rekstur Bergsins – Headspace; þverfaglegs móttöku- og stuðningsúrræðis fyrir ungt fólk. Nánar >



**9. maí**

Alþingi samþykkir frumvarp heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir. Nánar >

**10. maí**

Nýja sjúkrahótelið tekið í notkun og reglur sem bæta umtalsvert rétt fólks til dvalar á sjúkrahóteli skilgreindar í nýrri reglugerð. Nánar >

**14. maí**

Alþingi samþykkir frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof. Nánar >

**16. maí**

Opnuð á Hrafnistu 30 ný dagdvalarrými fyrir fólk með heilabilun. Nánar >



**27. maí**

Endurskoðað stjórnskipulag við uppbyggingu Landspítala kynnt, með ábyrgð allra verkþátta á einni hendi. Nánar >

**28. maí**

Greiðsluþátttaka vegna tæknifrjóvgunar aukin með nýrri reglugerð ráðherra. Nánar >

**4. júní**

Skil starfshóps á skýrslu um þjónustu við fólk með ákominn heilaskaða. Nánar >



**4. júní**

Heilbrigðisstefna til ársins 2030 samþykkt á Alþingi. Nánar >

**7. júní**

Lýðheilsuvísar embættis landlæknis gefnir út í fjórða sinn. Nánar >

**12. júní**

Kynningarfundur um nýja heilbrigðisstefnu haldnir á Akureyri og Ísafirði. Nánar >



**24. júní**

Drög að stefnu í málefnum fólks með heilabilun birt í samráðsgátt. Nánar >



**24. júní**

Ráðherra kynnir í ríkisstjórn aðgerðaáætlun sem embætti landlæknis vann til að draga úr sykurneyslu. Nánar >



**28. júní**

Áætlun heilbrigðisstefnu til fimm ára (2019 – 2023) lögð fram á Alþingi. Nánar >

# **Fréttaannáll 2019** (júl.–sep.)

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

**1. júlí**

Tímamótasamningur um öldrunarþjónustu undirritaður á Akureyri með stórauknum sveigjanleika í þágu notenda. Nánar >

**10. júlí**

Bréf norrænna heilbrigðisráðherra um rafræna fylgiseðla með lyfjum afhent í Brussel. Nánar >

**11. júlí**

Rúmum 400 milljónum króna úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Nánar >

**11. júlí**

Samningur framlengdur við RKÍ um kaup og rekstur sjúkrabifreiða og kaup á 25 nýjum sjúkrabifreiðum undirbúin. Nánar >



**7. ágúst**

Kynningarfundir um nýja heilbrigðisstefnu haldnir á Selfossi, Akranesi, Suðurnesjum og Egilsstöðum. Nánar >

**17. júlí**

Hjúkrunarheimilið Sólvangur í Hafnarfirði opnað. Nánar >



**17. júlí**

Hafnarfjarðarbæ veitt heimild fyrir rekstri 12 nýrra sérhæfðra dagdvalarrýma. Nánar >



**7. ágúst**

Díana Óskarsdóttir skipuð forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Nánar >

**9. ágúst**

Starfshópi falið að skoða beitingu þvingunarúrræða vegna meðferðar einstaklinga sem eru nauðungarvistaðir á sjúkrahúsi. Nánar >

**28. ágúst**

Vinna hafin við stefnumótun á sviði endurhæfingar. Nánar >

**29. ágúst**

Fjallað um mönnun heilbrigðisþjónustunnar í ríkisstjórn og ákveðið að setja á fót starfshópa um leiðir til úrbóta. Nánar >



**5. september**

*Horft til framtíðar*; Málþing heilbrigðisráðherra um menntun og mönnun í heilbrigðisþjónustunni, rannsóknir og vísindastarf. Nánar >

**4. september**

Heilbrigðisstefnan kynnt á opnum fundi í Reykjavík. Nánar >



**30. ágúst**

Heilbrigðisráðherra ávarpar fund samráðsvettvangs norrænna sérfræðinga um heilabilun. Nánar >






**6. september**

Átta kynningarfundir um heilbrigðisstefnu að baki. Nánar >

**6. september**

Greiðsluþátttaka vegna neyðarhnappa tryggð íbúum í leigufélögum á vegum sveitarfélaga. Nánar >

**11. september**

Fjárlagafrumvarpið og helstu áherslur í heilbrigðismálum kynntar. Nánar >

**16. september**

Ljósinu tryggðar 220 milljónir króna af fjárlögum og SÍ falið að semja um þjónustuna. Nánar >

# **Fréttaannáll 2019** (sep.–nóv.)

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

**18. september**

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu – kynning á ávinningi að ári liðnu. Nánar >




**19. september**

Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu birt í samráðsgátt. Nánar >

**19. september**

Boðað til heilbrigðisþings um siðferðileg gildi og forgangsröðun. Nánar >

**23. september**

SÍ falið að semja við MS-Setrið um aukna þjónustu við fólk með Parkinsonsjúkdóm. Nánar >

**3. október**

Skýrsla starfshóps um hjálpartæki afhent heilbrigðisráðherra. Nánar >



**25. september**

Þjónusta við fólk með heilaskaða efld. SÍ falið að ganga til samninga við Reykjalund um aukna aðkomu sérhæfðra starfsmanna. Nánar >

**25. september**

Birt samantekt um stöðu framkvæmdaáætlunar um uppbyggingu hjúkrunarrýma ásamt framhaldi áætlunarinnar til ársins 2024. Nánar >



**7. október**

Landspítala veittur styrkur til að þróa skilvirkari sérfræðiþjónustu við landsbyggðina. Nánar >



**15. október**

Þjónusta geðheilsuteyma efld með þátttöku borgarinnar og samstarfsyfirlýsing þess efnis undirrituð. Nánar >



**18. október**

Fundur hérlendra og erlendra sérfræðinga um innleiðingu rafrænna fylgiseðla með lyfjum haldinn í Reykjavík. Nánar >

**1. nóvember**

Heimahjúkrun efld með 130 milljóna króna viðbótarframlagi. Nánar >

**31. október**

Heilbrigðisstofnun Norðurlands veitt heimild til að koma á fót aðstöðu með allt að fjórum rýmum til almennrar endurhæfingar á Sauðárkróki. Nánar >

**24. október**

Viðmið fyrir umfjöllun fjölmiðla um geðheilbrigðismál kynnt á morgunverðarfundi. Nánar >

**22. október**

Fjölmennur vinnufundur um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu til undirbúnings heilbrigðisþings. Nánar >



**6. nóvember**

Mælt fyrir frumvarpi um neyslurými á Alþingi. Nánar >

**6. nóvember**

Starfshópur skipaður um framhaldsmenntun lækna og mönnun til framtíðar. Nánar >

**7. nóvember**

Ákvörðun tekin um að heilsugæslustöðvar á Akureyri verði tvær í samræmi við óskir heimamanna. Nánar >

**8. nóvember**

Framtíðarfyrirkomulag skimana fyrir krabbameinum kynnt. Nánar >



# **Fréttaannáll 2019** (nóv.–des.)



**12. nóvember**

Starfsstjórn á Reykjalundi kynnt. Nánar >



**19. nóvember**

Fjölmennt heilbrigðisþing um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Upptaka og myndir frá þinginu á vef ráðuneytisins. Nánar >



**21. nóvember**

Endurnýjun sjúkrabílaflotans hafin með kaupum á 25 nýjum bílum í kjölfar útboðs. Nánar >

**25. nóvember**

Hámarksgeymslutími kynfruma lengdur með reglugerð. Nánar >



**25. nóvember**

Bygging 60 rýma hjúkrunarheimilis í Árborg hafin. Nánar >

**28. nóvember**

Kynnt ákvörðun um heilsueflandi móttökur í heilsugæslu um allt land. Um 200 milljónum króna verður varið til verkefnisins. Nánar >

**28. nóvember**

Mælt fyrir frumvarpi til nýrra lyfjalaga. Nánar >

**2. desember**

Tillögur starfshóps um framtíðarskipan líknarþjónustu kynntar ráðherra. Nánar >

**5. desember**

Geðheilbrigðisþjónusta við fanga stórefld um allt land með stofnun sérhæfðs geðheilsuteymis. Nánar >



**6. desember**

Samið um heimahjúkrun langveikra barna á höfuðborgarsvæðinu. Nánar >

**6. desember:**

Mælt fyrir frumvarpi til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu. Nánar >

**13. desember**

Nefnd skipuð til að fjalla um menntun hjúkrunarfræðinga og leiðir til að fjölga í stéttinni. Nánar >

**13. desember**

Mikilvægar breytingar í þágu sykursjúkra kynntar. Nánar >

**16. desember**

Ráðherra veitir 18 m.kr. fræðslustyrki í þágu fólks með heilabilun. Nánar >



**19. desember**

Kynnt ákvörðun um ráðstöfun 1,1 milljarðs króna á næstu tveimur árum til að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga. Nánar >

**19. desember**

Drög að frumvarpi til laga um lækningatæki birt í samráðsgátt. Nánar >

**23. desember**

Tilraunaverkefni um sjúkraflutninga með þyrlu sett í farveg. Nánar >



**27. desember**

Hönnunarsamkeppni hafin um nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík. Nánar >

